



Fundarboð

Fundur í umhverfisnefnd og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 11. apríl 20 :00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Sigðurður Torfi Sigurjónsson í
forföllum Gústafs Jökuls Ólafssonar. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir
sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð umhverfis og náttúruverndarnefndar 8. janúar 2011.

Formaður fór yfir fundargerðina.

2. Flutningur hreindýra til Vestfjarða, erindi frá Eiríki Kristjánssyni dagsett 10. janúar 2011. Vísað aftur til nefndarinnar á fundi hreppsnefndar 17. febrúar 2011.

Nefndin samþykkir að beina því til Umhverfisstofnunar að gerð verði rannsókn á gróður- og veðurfari á Vestfjörðum í tengslum við flutning á hreindýrum á svæðið með tilliti til gróðurverndunar og einnig smithættu á milli hreindýra og sauðfjár.

3. Hugmyndir um flutning á hreindýrum á Vestfirði, erindi frá Jóni Stefánssyni formanni sauðfjárveikivarnarnefndar Strandabyggðar og nágrennis sent sveitarstjórnnum á Vestfjörðum dagsett 25. mars 2011.

Erindið kynnt.

4. Samstarf um sorphirðu.

Tillögur og tilboð hafa borist frá Gámapjónustu Vesturlands á fyrirkomulagi á endurvinnslu á sorpi, beðið er svara frá Sorpsamlagi Strandabyggðar um samstarf.

5. Umhverfisdagur í Reykhólahreppi 2011

Nefndin stefnir að umhverfisdegi 28. maí n.k. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir taka að sér skipulagningu á deginum.

Önnur mál (ef einhver). Löglega upp borin.

6. Staðsetning steypustöðvar.

Nefndin beinir því til hreppsnefndar að hún beyti sér fyrir því að steypustöðin verði flutt frá núverandi stað vegna uppbyggingar á Hlunninda og bátasafni Breiðafjarðar.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 21:10

_____	_____
_____	_____
_____	_____